

# Samningur Um landskipti

Undirritaðir aðilar, **Bændur ehf.**, kt. 631202-5189, Botni, 430 Suðureyri og **Fjallaból ehf.**, kt. 611216-1060, Frjóakri 5, 210 Garðabæ, gerum með okkur svofelldan samning um skiptingu jarðarinnar Selakirkjuból 1, 426 Flateyri með fasteignanúmer F2126324 auðkennd með landeignanúmeri L141048 og stofnun lóðar sem hefur verið gengið frá. Lóðin heitir Ból (heiti staðarfangs) með fasteignanúmer F2504288 og landeignanúmer L228016.

Aðilar hafa þegar undirritað kaupsamning og afsal um lóðina Ból.

## 1. Landskipti

Samningur okkar felur í sér að lóðin, sem er 5.817 m<sup>2</sup> að stærð, verði skilin frá jörðinni Selakirkjuból 1. Lóðin hefur þegar verið skráð í fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands og hefur eftirfarandi hnit:

P1 X = 299030.2742 Y = 622559.9315  
P2 X = 299089.7356 Y = 622580.5516  
P3 X = 299095.6780 Y = 622568.7859  
P4 X = 299070.9083 Y = 622557.8973  
P5 X = 299110.5309 Y = 622473.6962  
P6 X = 299068.6327 Y = 622446.5364  
P7 X = 299035.3698 Y = 622513.937

Sjá nánari afstöðumynd í viðhengi 1 sem skoðast sem hluti samningsins.

Í landskiptunum felst að Fjallaból ehf. eignast lóðina Ból (heiti staðarfangs) með fasteignanúmer F2504288 og landeignanúmer L228016 og verður einn eigandi lóðarinnar en Bændur ehf. eignast allt annað land sem tilheyrir jörðinni Selakirkjuból 1, 426 Flateyri með fasteignanúmer F2126324 auðkennd með landeignanúmeri L141048.

## 2. Landstærð

Lóðin Ból (heiti staðarfangs) með fasteignanúmer F2504288 og landeignanúmer L228016 er skráð 5.817 m<sup>2</sup> að stærð.

## 3. Lögbýlisréttur


Lögbýlisréttur fylgir jörðinni Selakirkjuból 1. Lögbýlisréttur skal áfram fylgja jörðinni Selakirkjuból 1, 426 Flateyri með fasteignanúmer F2126324 en ekki nýstofnaðri lóð Ból (heiti staðarfangs) með fasteignanúmer F2504288 og landeignanúmer L228016.

## 4. Umferðarleiðir og umferðarréttur

Aðilar sammælast um að eigandi lóðarinnar Ból hafi umferðarrétt í gegnum jörðina Selakirkjuból 1 meðfram Kaldá. Aðilar sammælast um að eigandi lóðarinnar Ból hafi heimild til að lagfæra og viðhalda vegi meðfram Kaldá að lóðinni Ból. Aðilar sammælast um að eigandi lóðarinnar Ból hafi heimild til að leggja heimtaug í gegnum jörðina Selakirkjuból 1, setja upp vatnsból á jörðinni Selakirkjuból 1 og tengja vatnslögn að lóðinni Ból í gegnum jörðina Selakirkjuból 1. Eigandi lóðarinnar Ból skal hafa samráð við eiganda Selakirkjubóls um allar framkvæmdir og lágmarka rask á jörðinni eins og kostur er.

## 5. Girðingar

Eigandi lóðarinnar Ból ber kostnað af því að girða lóðina af, kjósi hann að gera það, en tekur að öðru leiti ekki þátt í kostnaði við girðingavinnu á jörðinni Selakirkjuból 1.

  
J.B. 703

## 6. Um landnot

Hvor aðili um sig nýtir land sitt (lóð og/eða jörð) á þann hátt sem rúmast innan ákvarðana viðeigandi skipulagsyfirvalda hverju sinni. Til stendur að sækja um byggingaleyfi fyrir hús á lóðinni Ból.

## 7. Stofnun fasteignar

Lóðin Ból (heiti staðarfangs) hefur þegar verið stofnuð hjá fasteignaskrá Þjóðskrár og hefur fengið fasteignanúmer F2504288 og landeignanúmer L228016.

## 8. Veðbönd og kvaðir

Engin veðbönd hvíla á jörðinni Selakirkjuból 1 né á lóðinni Ból.

Á jörðina og lóðina er þinglýst yfirlýsing um heimild til rannsókna og virkjunar sem aðilar hafa kynnt sér.

## 9. Uppgjör gjalda

Uppgjör gjalda sem miðast við dagsetningu samnings þessa hefur farið fram.

## 10. Kostnaðarskipting

Kostnaður vegna umsóknar um landskiptin og skráningu nýrrar lóðar, þar með talinn allur þinglýsingarkostnaður, svo og kostnaður við gerð samnings þessa og við gerð hnitsettra uppdráttar eða loftmynda, greiðist allur af Fjallabóli ehf.

## 11. Skyldur og réttindi vegna aðilaskipta

Framseltji samningsaðilar eignarétt að jörð/lóð sinni til þriðja aðila tekur sá aðili við öllum réttindum og skyldum samkvæmt þessum samningi.

Fylgiskjöl

1. Afstöðumynd og hnit landamerkja

## 12. Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun hans. Ef nauðsynlegt reynist að gera breytingar á samningi þessum vegna athugasemda ráðuneytis, skipulagsyfirvalda eða sýslumanns, í tengslum við landskiptin, eru aðilar sammála um að gera nýjan samning þar sem tekið er tillit til athugasemda eða viðauka við samning þennan ef slíkt er fullnægjandi.

Ísaförður 12.3.2019

f.h. Bændur ehf.

*Guðvarp Þorhildur 180972-2889*  
*Þórunn Þorleifsdóttir 068758-2609*

f.h. Fjallaból ehf.

*Fridtinnur H. Hinriksson*  
*240984-4589*

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila.

*Mikael Arnarson*

Nafn kt.

*290485 2749*

*Kristján Óskani Ásvaldsson*

Nafn kt.

*161186-309 201*